

## Skólaráðsfundur í Oddeyrarskóla 4. desember

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, Rannveig Sigurðardóttir deildarstjóri, Fjóla Kristín Helgadóttir deildarstjóri, Sunneva Guðgeirsdóttir fulltrúi starfsmanna, Herdís Jónsdóttir fulltrúi kennara, Sólveig Styrmsdóttir fulltrúi kennara. Þau Jóna Kristín Guðmundsdóttir og Arney Ingólfssdóttir fulltrúar foreldra, Sara Rún Sævarsdóttir og Jósep Pétursson fulltrúi nemenda, komust ekki á fundinn.

Nemendur átti í erfiðleikum með að komast inn á fundinn gegnum teams. Skólastjóri hittir nemendur við fyrsta tækifæri og fer yfir dagskrá.

Fundarritari: Fjóla Kristín Helgadóttir

Mál á dagskrá:

1. Staðan vegna covid19 -
  - a. Fulltrúi kennara er með athugasemd - skólaliðar á austurgangi mega vera á gangi og inn í stofum en ekki inn í matsal. Kannski ekki rétt ákvörðun - matsalur hefði átt að vera hluti af hólfi yngsta stigsins þar sem þeir nemendur eru þeir einu sem nota matsalinn.
  - b. Starfsfólk skóla talar um hvað allt hafi gengið vel. Það nefnir einnig að jákvæð breyting hafi orðið í þessari viku þegar yngri nemendur fóru að fara í frímínútur.
  - c. Enn er ekki vitað hvernig staðan verður eftir 9. desember - en eftir þann tíma gæti orðið sú breyting að nemendur fari í fullt skólastarf en starfsfólk áfram í hólfum. Umræður urðu um list- og verkgreinakennslu þessa sex skóladaga hvort hægt væri að fara af stað með hana - á því eru nokkrir meinbugir sem sérstaklega snúa að list- og verkgreinakennurum sem hafa verið að sinna öðrum mikilvægum verkefnum innan skólans.
2. Skólalóð - Anna fór yfir teikningar að nýrri skólalóð. Almenn ánægja en athugasemd kom tengd trampólíni - ekki gott ef nemendur þurfa að fara úr skónum. Mikilvægt að viðhald á tækjum sé einfalt. Hjólabrautin sem er núna er of erfið fyrir yngstu krakkana - gaman að fá hjólabraut við þeirra hæfi. Núna á árinu 2020 eru á fjárhagsáætlun 5 milljónir vegna skólalóðar og svo 30 milljónir á árinu 2021.
3. Önnur mál
  - a. Mælt var fyrir myglu aftur í haust og mældist smávægis í kompu á austurgangi og hefur það verið hreinsað tvisvar með ródalóni og á að mæla aftur. Sama staðan er inn á einum stað á bókasafni en þar ná mælitölur ekki viðmiðunarmörkum. Aðrir staðir sem farið var í aðgerðir vegna myglumælingar árið 2019 sýndu góðar niðurstöður. Einnig á að mæla loftgæði á nokkrum stöðum í húsnæðinu. Beðið er eftir mæli sem áætlað er að komi fljótlega.

Fundi slitið 14:20.